



Skipulags- og samgönguráð

Málsnúmer: USK2019020059

21. febrúar 2019

Gatnamót Katrínartúns og Guðrúnartúns, bann við vinstribeygjum

Lagt er til, með fyrirvara um samþykki lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sbr. 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum:

- Að sett verði bann við því að taka vinstribeygju frá Katrínartúni á gatnamótum við Guðrúnartún.
- Að einungis verði heimilt að beygja til hægri frá Guðrúnartúni á gatnamótum við Katrínartún.

Bann við vinstribeygju frá Katrínartúni inn Guðrúnartún verði táknað með B30.12 en krafa um hægribeygju frá Guðrúnartúni með C01.11.

Myndir til skýringa eru á næstu síðu.

Samhliða endurnýjun umferðarljósa á gatnamótum Sæbrautar og Katrínartúns sem fyrirhugaðar eru í sumar, er gert ráð fyrir lagfæringu gatnamótanna og gatnamóta Katrínartúns og Guðrúnartúns með það að markmiði að bæta aðgengi gangandi vegfarenda og öryggi allra vegfarenda.


Guðrúnartún er mjög nálægt Sæbraut. Með takmörkun á beygjustraumum umferðaröryggi bætt. Við núverandi aðstæður veldur uppsöfnun ökutækja á Katrínartúni við Sæbraut því að ökutæki á leið frá Guðrúnartúni í átt að Sæbraut komast illa að. Sú leið er engu að síður mikið ekin, með tilheyrandi hættu fyrir aðra. Umferð frá Guðrúnartúni mun geta tekið u-beygju í hringtorginu við Borgartún til að komast aftur til baka að Sæbraut. Gert er ráð fyrir því að lengja miðeyju á Katrínartúni til að gefa akstursfyrirkomulag betur til kynna.

Fyrir hönd skrifstofu Samgöngustjóra og borgarhönnunar

Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Yfirverkfræðingur samgöngumála



Mynd 1 Tillaga um að einungis verði heimilt að aka til hægri frá Guðrúnartúni á gatnamótum við Katrínartún
(Mynd unnin á grunn frá www.ja.is)



Mynd 2 Tillaga að banni við vinstribeygju frá Katrínartúni vestur inn Guðrúnartún og að einungis verði heimilt að aka til hægri frá Guðrúnartúni norður Katrínartún. Gert ráð fyrir því að miðeyja á Katrínartúni sé lengd.
(Mynd unnin á grunn frá www.borgarvefsja.is)